



Skorradalshreppur

Samgöngu og sveitarstjórnarráðuneytið
Sölvhólsögötu 7
101 Reykjavík

Skorradal, 27. febrúar 2020
2002007 PD

Efni: Umsögn í samráðsgátt um breytingu á sveitarstjórnarlögum og lögum um tekjustofna sveitarfélaga.

Hreppsnefnd samþykkti á fundi sínum 12. febrúar s.l. að fela undirrituðum að senda inn umsögn inn í samráðsgátt.

Telja undirritaðir að stjórnarsýslan (framkvæmdarvaldið með að aðstoð löggjafans) sé að fara taka völdin og/eða sjálfsákvörðunarrétt af ákveðnum hluta íbúa landsins með því setja í lög kröfur um lágmarksíbúafjölda sveitarfélaga. Það er bundið í stjórnarskránni að sveitarfélög og íbúar þess séu sjálfstæðar stofnanir. Þetta ætlar framkvæmdarvaldið að leggja til við Alþingi að gera án þess fyrst að breyta stjórnarskránni og setja reglur þar um stærð sveitarfélaga miðað við íbúafjölda. Sem síðan hljóta samþykki eða synjun þjóðarinnar í atkvæðagreiðslu á milli þinga.

Hvetjum við ráðuneytið að skoða 78. gr. stjórnarskránnar og meðal annars hvað er ritað í nefndarálitum í tengslum við breytingar á stjórnarskránni á árinu 1995.

Eins er algjörlega óútskýrt hvað þýða 3 ár samfelld. Hver fylgist með því og gefur það út. Ekki getur það verið Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið, enda fylgist það ekki með íbúatölu dags daglega.

Með tillögu um framlag úr Jöfnunarsjóði vegna sameiningar teljum við það vera kýrskýrt að það eigi að koma beint frá ríkissjóði án þess að skerða önnur framlög Jöfnunarsjóðs.

Vísam í fyrri umsagnir sem hafa verið sendar í tengslum við þingsályktun sem samþykkt í janúar og áskiljum til að koma með frekari athugasemdir.

Virðingarfyllst,

Árni Hjörleifsson, oddviti Skorradalshrepps.
Pétur Davíðsson, hreppsnefnd Skorradalshrepps